

Nr. 19-161 S 099 Blíða SH 277***Sekkur á Breiðafirði***

Skipaskr.nr.: 1178
 Smíðaður: Seyðisfirði 1971 stál
 Stærð: 61,9 brl. 61 bt.
 Mesta lengd: 23,32 m Skráð lengd: 20,64 m
 Breidd: 4,8 m Dýpt: 2,45 m
 Vél: Caterpillar 269 kW, 1979
 Fjöldi skipverja: 3



Blíða ©Hilmar Snorrason

Gögn:
 Lögregluskýrsla
 Gögn RNSA

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 29. janúar 2021 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmar Snorrason, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni.

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 5. nóvember 2019 var Blíða SH 277 á beitukongsveiðum í Breiðafirði. Veður: NA 10 m/s.

Á veiðunum datt báturinn úr AIS sambandi við Vaktstöð siglinga (VSS) og um kl. 11:35 var haft samband við nærliggjandi báta. Stuttu seinna kom neyðarkall til VSS og reykur sást frá neyðarblysi. Leynir SH 120 kom á staðinn um kl. 12:05 en þá var Blíða sokkinn og áhöfnin á kili björgunarbáts.



Ferill Blíðu úr höfn og þar til hún sökk kl. 10:57

Daginn eftir fannst flakið á u.þ.b. 40 m dýpi á stað, 65°13'773N og 022°42'795V.

Við rannsókn kom fram:

- að sögn skipstjóra byrjaði veiðiferðin kl. 06:45 og þegar búið var að taka nokkrar línur voru um 650 kg af afla um borð þegar ákveðið var að sigla á önnur mið. Á siglingunni kvaðst hann hafa tekið eftir því að sjór var kominn á þilfarið að aftan og kallað þá til skipverjanna, sem voru í stakkageymslu, að fleygja gildrunum í sjóinn en á 20 sek var skipið komið með 50° til 60° halla. Skipstjórinn kvaðst þá hafa komið sér út úr brúnni og sagði skipið hafa sökkið mjög hratt. Hann sagði að skipið hefði lagst á bakborðshliðina og sokkið með skutinn fyrst niður;
- að björgunarbátarnir opnuðust sjálfkrafa en voru á hvolfi og fastir við skipið. Skipverjarnir náðu að koma sér fyrir á botni annars þeirra og tókst að finna neyðarsendi úr hinum bátnum sem þeir gangsettu;
- að samkvæmt áhöfninni virtist sem óvæntur leki hefði komið að skipinu;
- að kafað var við skipið en ekkert athugavert kom í ljós sem gat skýrt það sem gerðist;
- að skipið var í yfirferð í Njarðvík í apríl og þá voru m.a. lokar athugaðir;
- að skipstjórinn hafði verið á skipinu í u.þ.b. tvö ár;
- að um borð voru um 3.000 l af gasolíu og 400 l af glussaolíu;
- að ekki var rétt lögskráð á skipið.

Nefndarálit:

Nefndin ályktar ekki í málinu þar sem ekki er vitað hvað gerðist.

Nefndin telur afar mikilvægt m.a. vegna rannsóknarhagsmuna að í tilfellum sem þessum sé skipsflak tekið upp og vísar í því sambandi til máls nr. 07215 (*Jón Hákon*).